

Utanríkismálanefnd

Meginmarkmið í utanríkismálum eru:

- að verja fullveldi, sjálfstæði og öryggi þjóðarinnar,
- að efla hag landsins og efnahagslegt sjálfstæði með öflugri þátttöku í alþjóðaviðskiptum,
- að stuðla að friðsamlegu samstarfi þjóða og ábyrgri nýtingu náttúruauðlinda,
- að efla tengsl við þær þjóðir, sem deila með okkur gildum frelsis, lýðræðis, mannréttinda og velferðar,
- að Ísland verði áfram fyrirmynd annarra þjóða í friðar-, jafnréttis-, mannréttinda- og umhverfismálum.

Öryggis- og varnarmál

Sjálfstæðisflokkurinn styður eindregið núgildandi þjóðaröryggisstefnu Íslands og hvetur til þess að henni sé fylgt fast eftir í framkvæmd. Varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna og aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna tryggja í grundvallaratriðum öryggi landsins. Náð samstarf við Bretland og Norðurlönd, svo sem á vettvangi Norræna varnarsamstarfsins (NORDEFCO), og sameiginlegu viðbragðssveitarinnar (JEF) efla öryggi þjóðarinnar.

Varnir Íslands byggja sem fyrst og fremst á aðild landsins að Atlantshafsbandalaginu (NATO) og varnarsamningnum við Bandaríkin. Ljóst er að breyttir tímar eru fyrir hendi þegar kemur að varnarmálum í ljósi innrásar rússneska hersins í Úkraínu og aukinnar spennu í kjölfar hennar. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að Íslendingar haldi áfram að axla ábyrgð á eigin vörnum, þar á meðal með því að byggja upp aukna þekkingu á varnarmálum innanlands, en á sama tíma í nánú varnarsamstarfi sem byggir á gagnkvæmri virðingu fyrir landamærum og fullveldi ríkja. Mikilvægt er að byggja upp aukna þekkingu á varnarmálum innanlands.

27 Ísland á að leggja sitt af mörkum innan Atlantshafsbandalagsins með því að sífellt að
28 leita leiða til þess að taka þátt í verkefnum sem gagnast sameiginlegum vörnum
29 Atlantshafsbandalagsins og vera verðugur bandamaður með því að leggja það af
30 mörkum sem okkur er mögulegt og koma emur raunverulega að gagni.

31 Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að fullveldi þjóða sé virt og fordæmir
32 árásarhernað og útbrenslustefnu ríkja. Markmið Íslands á að vera að leita friðsamlegra
33 lausna þegar að um hernaðaráttök er að ræða. Landvinningastefna rússneskra
34 stjórnvalda stefnir öryggi heimsbyggðarinnar í hættu eins og allsherjarinnrás í Úkraínu
35 og hótanir um beitingu kjarnavopna sýna. Pútín stjórnin hefur sjálf staðfest að innrásin
36 sé aðeins upphaf að umbyltingu þess öryggiskerfis sem Evrópuríki hafa búið við frá
37 lokum kalda stríðsins. Alþjóðastofnanir og mannréttindasamtök hafa fært sönnur á
38 svívirðileg mannréttindabrot innrásarhersins í Úkraínu.

39 Sjálfstæðisflokkurinn fordæmir innrás Rússneska sambandsríkisins í Úkraínu,
40 innlimunaráform þess og ofsóknir á hendur úkraínsku þjóðinni. Ísland á að halda áfram
41 stuðningi við varnarbaráttu Úkraínu. Áframhaldandi stuðningur Íslands við
42 varnarbaráttu úkraínsku þjóðarinnar styður við öryggi Íslands og bandalagsríkja okkar.

43 Stefnt skal að veröld án kjarnorkuvopna og annarra gereyðingarvopna. Markmiðið er að
44 vopnunum sé útrýmt undir öruggu eftirliti.

45 Nauðsynlegt er að takast enn frekar á við ógnir sem snúa að netöryggi, fjölþáttaógnum,
46 njósnum og aðferðum sem beitt er til að hlutast til um innri málefni opinna
47 lýðræðissamfélaga. Efla þarf öryggi almennings, stofnana og fyrirtækja gagnvart ágangi
48 erlendra ríkja og skipulagðri glæpastarfsemi. Friðhelgi einkalífs, tjáningarfrelsi og önnur
49 mannréttindi ber að tryggja á þessu sviði eins og öðrum.

50 Tryggja þarf birgðastöðu mikilvægra aðfanga og efla innlenda matvælaframleiðslu. Til
51 að flutningar við útlönd rofni ekki er mikilvægt að skráning íslenskra loftfara og
52 kaupskipa sé innanlands. Gera þarf viðeigandi lagabreytingar til að slíkt sé raunhæft.

Commented [BJ1]: Fer í Stjórn málaályktun

53 Hagsmunir á norðurslóðum

54 Stríðsrekstur Rússlands í Evrópu og tilraunir Kína til frekari áhrifa á norðurslóðum hafa
55 orðið til þess að spenna hefur magnast í heimshlutanum. Íslensk stjórnvöld þurfa að
56 beita sér áfram fyrir hagsmunum Íslands og bandalagsþjóða hvað varðar auðlindir,

57 siglingaleiðir, innviði og hernaðarlegt öryggi á norðurslóðum. Langtíamarkmið á
58 norðurslóðum ætti að vera afvopnun undir öruggu eftirliti en ekki vopnakaþhlaup.
59 Mikilvægi norðurslóða vex eftir því sem loftslag hlýnar og hafís bráðnar. Umhverfi
60 norðurslóða er afar viðkvæmt og ætíð verður að taka tillit til þess við nýtingu auðlinda í
61 sjó og á landi.
62 Íslensk stjórnvöld eiga að tryggja að ákvæði hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna um
63 skiptingu hafsvæða séu virt.
64 Vegna innrásar Rússneska sambandsríkisins í Úkraínu var gert hlé á samvinnu við
65 Rússa í Norðurskautsráðinu. Hagsmunum Íslands er best borgið innan vébanda
66 Norðurskautsráðsins þótt virkni þess sé lítil nú um stundir og væri það andstætt
67 hagsmunum Íslands að annar eða nýr vettvangur myndist um það samstarf. Væri þá
68 hætt við að stór ríki sem standa utan norðurslóða fái þar nýtt og aukið vægi.
69 Atlantshafsbandalagið hefur aukið viðbúnað sinn á norðurslóðum til mótvægis við
70 aukna áherslu Rússa á eigin vígbúnaði. Íslensk stjórnvöld eiga að taka virkan þátt í
71 þróun varnaráætlana Atlantshafsbandalagsins sem snúa að viðbúnaði á Norður-
72 Atlantshafi og á norðurslóðum.
73 Íslensk stjórnvöld eiga að leggja áherslu á að ákvarðanir um framtíð Grænlands séu
74 teknar af Grænendingum. Ísland vinni áfram að samstarfi og stuðningi við næstu
75 nágrannaþjóð sína.

76 Utanríkisverslun

77 Meginstef Íslenskrar utanríkisstefnu er að tryggja frjáls viðskipti og aðgang þjóðarinnar
78 að alþjóðamörkuðum. Leiðarljósið er að ~~standa vörðinn sé vörður~~ um
79 grunnatvinnuvegi þjóðarinnar.

80 Viðskipta-, stjórn mála- og menningartengsl við Evrópuríkin og Bandaríkin eru
81 Íslendingum augljóslega mikilvægust. Brýnt er að tryggja áfram opinn og frjálsan
82 aðgang að innri markaði Evrópusambandsins (ESB) á grundvelli samningsins um
83 Evrópska efnahagssvæðið (EES) og efla jafnframt viðskiptasamband við Bretland.
84 Sjálfstæðisflokkurinn á jafnframt að leggja sérstaka áherslu á að tryggja
85 viðskiptahagsmuni gagnvart Bandaríkjunum, meðal annars að því marki að stefnt sé að
86 fríverslunarsamningi.

87 Hagsmunir Íslands eru best tryggðir með frjálsum viðskiptum milli þjóða. ~~Viðskiptastríð~~
88 ~~er þegar hafið og b~~likur eru á lofti í alþjóðaviðskiptum um aðum að tollum og öðrum
89 aðgerðum verði beitt í auknum mæli. Árfíðandi er að Íslensk stjórnvöld haldi Íslandi
90 utan slíkra átaka eftir fremsta megni.

91 Fyrir 30 árum réð Sjálfstæðisflokkurinn úrslitum um aðild Íslands að evrópska
92 efnahagssvæðinu (EES) og þar með hófst eitt mesta framfaratímabil í sögu þjóðarinnar.

93 Með EES-samningnum eru viðskiptahagsmunir Íslands gagnvart Evrópusambandinu
94 tryggðir. ~~Mikilvægt er þó að hafa í huga að e~~instakir samningar eru fyrst og fremst
95 verkfæri til þess að vinna að hagsmunum Íslands ~~og íslensku þjóðarinnar~~ og ef mögulegt
96 reynist að tryggja þá hagsmuni betur með öðrum leiðum er sjálfsagt ~~og eðlilegt~~ að taka
97 það til skoðunar. ~~Hagsmunir lands og þjóðar eru eðli málsins samkvæmt ávallt~~
98 ~~markmiðið.~~

99 Mikilvægt er að Ísland fái fullt tollfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir sjávarafurðir
100 eins og Kanada og Japan. Minnt er á að við Ísland greiðirum enn í Þróunarsjóð Evrópu en
101 þessar þjóðir gera það ekki.

102 Halda þarf uppi öflugri hagnagæslu fyrir Ísland ~~innan EES á vettvangi EES-~~
103 ~~samningsins~~ og gæta þess að innleiðing Evrópuregluverks verði ekki meira þyngjandi
104 en þörf krefur. Framsali valds, sem ekki rúmast innan tveggja stoða kerfis samningsins,
105 er alfarið hafnað.

106
107 Sjálfstæðisflokkurinn áréttar þá stefnu sína að hag þjóðarinnar og yfirráðum hennar yfir
108 auðlindum sínum sé best borgið utan ESB.

109 Stefna núverandi ríkisstjórnar um að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um ~~það~~ hvort
110 stefna eigi að inngöngu í Evrópusambandið án þess að ríkisstjórn sé einhuga um að
111 gengið verði í sambandið og án umboðs frá kjósendum í þingkosningum ~~til þess og~~
112 ~~þingmeirihluta fyrir því~~, getur hvorki talist ábyrg né lýðræðisleg framganga.

113 **Alþjóðleg samvinna**

114 Íslandi ber að axla ábyrgð í samfélagi þjóða, meðal annars með þátttöku í alþjóðlegri
115 þróunarsamvinnu og framlagi til mannúðarmála. Mikilvægt er að leggja aukna áherslu á

116 að nýta krafta íslensks atvinnulífs í þróunarsamvinnu í samræmi við breyttar áherslur í
117 alþjóðasamstarfi.

118 Íslensk stjórnvöld eiga alltaf að gæta hagsmuna Íslands við gerð alþjóðasamninga ~~og~~
119 ~~útfærslu á þeim~~. Gæta þess að taka hvorki á sig á sig íþyngjandi kvaðir sem sniðnar eru
120 að veruleika annarra þjóða né aðrar efnahagslegar kvaðir til þess eins að sýna gott
121 ~~fordæmi~~. Gæta verður að sérstöðu okkar og framsýni fyrri kynslóða. Ekki skal nota
122 ~~alþjóðasamninga sem afsökun fyrir íþyngjandi kvaðir og álögur á íslenska þjóð.~~

123 Ísland er alþjóðleg fyrirmynd í jafnréttismálum og ber að beita sér áfram á
124 alþjóðavettvangi fyrir jafnrétti kynjanna og gegn allri mismunun, meðal annars á
125 grundvelli kynferðis, kynhneigðar, stjórnmálaskoðana og trúarbragða. Mikilvægt er að
126 jafnrétti og mannréttindi setji áfram svip á utanríkisstefnu þjóðarinnar. Ísland á einnig
127 að nota rödd sína í þágu mikilsverðra mannréttinda svo sem tjáningarfrelsis á
128 alþjóðlegum vettvangi.

129 Hvað sem líður hættuástandi í veröldinni vill Sjálfstæðisflokkurinn að Ísland styðji af
130 einurð raunhæfa friðarviðleitni, eflingu mannréttinda og gagnkvæma afvopnun undir
131 traustu eftirliti. Íslendingum ber að taka áfram virkan þátt í baráttu gegn hungri,
132 sjúkdómum og fátækt í heiminum.

133 ~~Víða er sótt að mannréttindum í heiminum og lýðræði á undir högg að sækja. Þlíkur eru~~
134 ~~á lofti um bakslag í ýmsum mannréttindamálum víða um heim og lýðræði á undir högg~~
135 ~~að sækja~~. Skiptir því miklu að rödd Íslands heyrst hátt og skýrt, lýðræði og
136 mannréttindum til varnar.